

Prenta / Print

Beiðni um umsögn til vísindasiðanefndar Háskóla Íslands

Ábyrgðarmaður rannsóknar:

1.1. Nafn:	Hulda Þórisdóttir
1.2. Kennitala:	1910743359
1.3. Starfsheiti:	Dósent
1.4. Stofnun:	Háskóli Íslands
1.5. Deild eða svið innan stofnunar:	Stjórn málafræðideild
1.6. Aðsetur:	Oddi 222
1.7. Netfang:	huldat@hi.is
1.8. Ferilskrá: velja skrá	CV Thorisdottir May 2018.pdf

Aðrir umsækjendur rannsóknar:

2. Verkefnastjóri rannsóknar (ef annar en ábyrgðarmaður): sömu upplýsinar og í lið 1.1-1.8.

Hengið ferilskrá við.

Magnús Þór Torfason

2811763159

Lektor

Háskóli Íslands

Viðskiptafræðideild

Gimli 218

torfason@hi.is

Magnus Thor Torfason - CV.pdf

2.1. Aðrir umsækjendur: sömu upplýsinar og í lið 1.1-1.8. Hengið ferilskrá við.

Verkefnisupplýsingar:

3. Heiti verkefnis: Beiðni er um fullt heiti rannsóknar, íslenskt eða erlent eftir atvikum

Rannsókn á kosningabáttöku ungs fólks í borgarstjórnarkosningum

3.1. Tilgangur rannsóknar og lýsing í hnotskurn:

Reykjavíkurborg hefur ákveðið að grípa til aðgerða til að auka kosningabáttöku tiltekinna hópa sem hafa í undanförmum kosningum átt undir högg að sækja með tilliti til kjörsóknar. Reykjavíkurborg og rannsakendur við Háskóla Íslands munu samhliða átakinu framkvæma rannsókn til að meta hversu áhrifaríkar mismunandi leiðir eru við að hvetja til þátttöku. Í samstarfinu verður sérstök áhersla lögð á kosningabáttöku þeirra sem nú hafa kosningarétt í fyrsta sinn, þar sem þátttaka þessa aldurshóps hefur farið minnkandi og kjörsókn í aldurshópnum 18-19 ára var í síðustu kosningum ekki nema 45% og enn lægri í aldurshópnum 20-24 ára, eða 42%.

Í undirbúningi eru nokkrar mismunandi gerðir kynningarbréfa sem send verða heim til ungmenna. Einnig hefur verið sótt um leyfi til Póst- og fjarskiptastofnunar og Persónuverndar til þess að fá að senda textaskilaboð á hluta hópsins á kjördag. Með því að nýta nokkrar mismunandi gerðir er markmiðið að leggja mat á hvaða kynningarefni nær best til ungmenna. Áherslur kynningarefnisins byggja á niðurstöðum alþjóðlegra rannsókna í félagssálfræði og á niðurstöðum rannsókna sem rannsakendur hafa gert á kosningabáttöku ungmenna í tengslum við tvær síðustu alþingiskosningar.

Sjá nánar hér að neðan hvernig unnið verður úr niðurstöðum átaksins.

4. Fjármögnun og styrktaraðilar: hér skal greina frá stofnunum og fyrirtækjum, innlendum og/eða erlendum sem styrkja eða fjármagna rannsóknina.

Rannsóknasjóður/stofnun/fyrirtæki: Heimilisfang:

Reykjavíkurborg - Tjarnargata 11, 101 R

Fjárhæð

kr.:

2.000.000

5. Verkaskipting samstarfsaðila. Hér skal tilgreina hvaða aðilar hafa umsjón með einstökum verkþáttum rannsóknarinnar og vinnuframlagi.

Rannsakendur skipuleggja tilraunasnið og aðferðir við val á úrtakshópum byggt á kjördeildum (alls 84 kjördeildir). Reykjavíkurborg sér um vinnslu á úrtakshópum og útsendingu á kynningarefni.

Reykjavíkurborg og Hagstofa Íslands sér einnig um alla úrvinnslu á gögnum um kjörsókn byggt á kjörskrám. Rannsakendur fá afhentar samtölur um kjörsókn eftir úrtakshópum en vinna ekki með persónugögn, hvorki persónugreinanleg né ópersónugreinanleg.

0

6. Þátttakendur. Tilgreinið fjölda þátttakenda svo og á hvaða forsendum úrtakið verður helst fólgið.

Þátttakendur eru um það bil 6000 eða þýði allra Reykvíkingsa sem eru fæddir á tímabilinu 1. júní 2014 - 26. maí 2018 og eru því fyrsta sinn með rétt til að kjósa í sveitarstjórnarkosningum.

0

7. Ávinningur/Áhætta. Tilgreinið í hverju ávinningur jafnt sem áhætta þátttakenda í rannsókninni verður helst fólgin.

Reykjavíkurborg hefur skilgreint lága kjörsókn ungmenna í sveitastjórnarkosningum sem mikið áhyggjuefni og mikilvægt að leita allra leiða til að sporna við þeirri þróun. Ávinningur þátttakenda er betri upplýsingar um kosningar og kosningafyrirkomulag og tækifæri til að nýta kosningarétt sinn (en sú upplýsingagjöf sem ráðist verður í í tengslum við þessa rannsókn er viðbót við þá upplýsingagjöf sem hefur verið fyrir hendi í fyrri kosningum). Áhætta þátttakenda í rannsókninni er hverfandi.

0

8. Öflun upplýsts samþykkis. tilgreinið hvernig upplýsts samþykkis þátttakenda er aflað, þ.m.t. hvaða aðili muni leita til þeirra eftir slíku samþykki. Athugið að ef afla á upplýsinga frá börnum þarf samþykki frá foreldri eða forráðamanni. Afri af upplýsingum og samþykkisblöðum skulu fylgja umsókninni.

Möguleg tækifæri til upplýsts samþykkis snúa að tveimur þáttum rannsóknar, (a) samþykki fyrir því að fá sendar upplýsingar um kosningar og (b) samþykki fyrir því að gögn séu nýtt í rannsóknina.

Hvað varðar lið (a) er eðli máls samkvæmt í raun ógerlegt að sækja heimild til þátttakanda fyrir því að senda þeim bréf og væri áhætta (eða ónæði) sem fælist í því að senda öllum þátttakendum fyrst samþykkisbréf að minnsta kosti jöfn þeirri sem felst í því að fá einungis hvatningarbréf Reykjavíkurborgar. Að auki myndu svokölluð rannsóknaráhrif, þ.e. vitneskja þátttakenda að þeir væru partur af rannsókn líklega yfirgnæfa tilraunaáhrifin sem viðbúið er að verði lítil (algeng áhrif af sambærilegum rannsóknum erlendis eru að kjörsókn aukist um 1-3%).

Hvað varðar lið (b) þá er áhættan sem af því að útiloka tiltekna einstaklinga frá úrvinnslu samtalna úr kjörskrá meiri en felst í því að skoða heildargögn sem eru á allan hátt ópersónugreinanleg. Úrvinnsla á kjörskrá er á hendi yfirkjörstjórnar og Hagstofu sem eðli málsins varðveita nú þegar gögnin. Listar yfir einstaklinga sem myndu óska eftir að taka þátt í rannsókninni yrðu persónugreinanleg gögn sem ekki liggur fyrir hver myndi safna.

0

9. Rannsóknargögn. Tilgreinið hvers konar gögnum fyrirhugað að safna vegna rannsóknarinnar. Einnig hvaða aðilar hafa aðgang að þeim gögnum. Koma þarf fram hver hefur umráðarétt yfir gögnum að rannsókn lokinni. Skýrið frá hvaða öryggisráðstarfanir verða gerðar og hvernig trúnaði við þátttakendur verður haldið.

Eins og fram kemur að ofan eru gögn unnin úr kjörskrá. Gögnin eru unnin af starfsmönnum kjörstjórnar og/eða starfsmönnum Hagstofu Íslands, samkvæmt reglum um vinnslu upplýsinga úr kjörskrá. Vinnslan er hluti af þeirri vinnslu sem ætíð fer fram að loknum kosningum, og öryggisráðstafanir því þær sömu.

Rannsakendur fá einungis samtölur úr kjörskrá eftir kjördeildum. Rannsakendur fá aldrei gögn um einstaka þátttakendur.

10. Siðfræðilegt álitamál. Hér skal greina frá helstu álitamálum af siðfræðilegum toga sem rannsóknina varða. Það má vera, og er raunar von rannsakenda, að í ljós komi að sum bréf séu áhrifaríkari en önnur til þess að hvetja ungt fólk til að mæta á kjörstað. Einnig er það tilgáta rannsakenda að þeir sem fái ekkert bréf verði tölfraðilega marktækt ólíklegri til að kjósa en þeir sem fá eitthvert bréf. Það er því helsta siðfræðilega álitamálið að allir nýir kjósendur hafi ekki verið hvattir með sama hætti til þess að kjósa. Ekki er þó víst að tilgátur rannsakenda standist, ekki er ljóst hvaða útgáfa bréfs, ef einhver, hefur meiri áhrif en önnur og að sama skapi er ekki víst að nein mælanleg áhrif komi fram af bréfasendingum yfir höfuð.

Á móti ofangreindu álitaeefni kemur sú staðreynd að töluverður kostnaður fylgir því að kynna kosningar fyrir ungum kjósendum og því er um takmörkuð gæði að ræða. Til frambúðar væri það því neikvætt fyrir unga kjósendur ef beitt væri ómarkvissum aðferðum við að auka lýðræðisþátttöku þeirra. Raunar má færa fyrir því góð rök að það sé siðfræðilega réttara að mæla áhrifamátt slíkra bréfasendinga og þá mögulega koma í veg fyrir framtíðar kostnað, pappírnotkun og áreiti ef í ljós kemur að slíkar sendingar séu áhrifalausar.

Annað siðfræðilegt álitaeefni er að sbr. lið 8 hér að ofan þá munu þátttakendur ekki vita að þeir eru hluti af rannsókn. Við rannsakendur höfum á því bjargfasta trú að áhætta þátttakenda af því að fá bréfin sé á engan hátt meiri en hún væri ef að Reykjavíkurborg sendi sambærilegt bréf á unga kjósendur án aðkomu rannsakenda. Þvert á móti hafa starfsmenn Reykjavíkur fagnað aðkomu rannsakenda í undirbúningi átaksins, meðal annars við að tryggja að ekki halli á tiltekna hópa kjósenda. Átakið hefur einnig verið samþykkt í borgarstjórn.

11. Vísindalegt gildi. Gerið stuttlega grein fyrir þeim vísindalega ávinningi sem rannsóknin hefur í för með sér. Markmið rannsóknarinnar er að bæta við þekkingu á því hvernig best má hvetja fólk til þess að mæta á kjörstað og öðlast þá samtímis meiri innsýn í þá (fjölmörgu) þætti sem ákvarða hvort fólk kys eða ekki.

Þessi rannsókn talar beint inn í lifandi rannsóknarvettvang innan stjórnmálafræði sem er í mikilli gerjun vegna áhuga fræðimanna á a) vettvangstilraunum, og b) hvernig sporna megi gegn hnignun í kjörsókn, einkum ungs fólks. Í þessari rannsókn verður borinn saman áhrifamáttur fortalna sem áður hafa verið reyndar í rannsóknum (einkum að höfða til siðferðilegrar skyldu og þakka fyrir) við nýjar tegundir fortalna sem við teljum að mögulega höfði betur til ungs fólks (neikvæð viðmið og ýta undir sjálfstílrú). Einnig höfum við hvergi séð rannsókn sem blandar saman inngripi með textaskilaboðum og bréfum, heldur eingöngu rannsóknir þar sem annað hvort hefur verið reynt.

12. Fræðigrunnur rannsókna. Lýsa skal fræðilegri þekkingu á rannsóknarsviðinu og öðrum bakgrunni rannsóknarinnar.

Kjörsókn hefur hrakað í flestum Vestrænum ríkjum á undanföllum áratugum, einkum meðal ungs fólks. Sögulega hefur kjörsókn á Íslandi verið há, bæði í þing- og sveitarstjórnarkosningum. Kjörsókn er enn há í Alþingiskosningum, en hefur þó sigið úr um 90% árið 1959 í 81% árið 2017 (sem var þó hækkun um tvö prósentustig frá 2016). Kjörsókn í sveitarstjórnarkosningum var 80% árið 2006 en hefur fallið hratt og var ekki nema 66,5% árið 2014. Það olli jafnframt ákveðnu uppnámi þegar í ljós kom eftir kosningarnar 2014 að minna en helmingur 18-29 ára fólks hafði kosið, en það var í fyrsta sinn sem Hagstofa Íslands tók saman kjörsókn eftir aldri. Það er áhugavert að þetta fall í kjörsókn hefur gerst talsvert síðar á Íslandi en að jafnaði á Vesturlöndum (Franklin, Lyons & Marsh, 2004) sem gæti þýtt að enn sé ekki um rótgróið mynstur að ræða og góð tækifæri til að reyna snúa þróuninni við. Raunar höfum við nýlegt dæmi um slíkt en kjörsókn 18-29 ára var 67,7% í Alþingiskosningum 2016 en með talsverðri umræðu og átaki innan framhaldsskóla jókst hún í 71,7% árið 2017.

Í áhrifamiklum rannsóknum innan stjórnmálafræði hefur verið reynt að auka kjörsókn með umfangsmiklum vettvangstilraunum, iðulega með heimsóknum, bréfasendingum eða símhringingum (fyrir yfirlit sjá Green, McGrath & Aronow, 2013). Þessar tilraunir hafa nýtt sér þekkingu úr félagslegri sálfræði til þess að hanna inngrip og hefur sú aðferð að beita n.k. samfélagslegri pressu oftast verið reynd og jafnframt gefið besta raun. Mjög misjafnlega hefur tekist upp á milli tilrauna en þegar best lætur mælist kjörsókn um 3% hærrí hjá tilraunahópi heldur en samanburðarhópum sem ekki er haft samband við.

13. Rannsóknaraðferðir. Gera skal grein fyrir aðferðafræði og aðferð rannsóknarinnar. Taka skal fram hvort ætlunin sé að afla upplýsinga frá öðrum en þátttakendum sjálfum s.s. að notast við upplýsingar úr gagnabönkum. Koma þarf fram til hvers er ætlast af þátttakendum s.s. hvers konar upplýsinga verður aflað. Þessum lið má skila á sérblaði eða vísa í ítarlega í rannsóknaráætlun sem þá skal fylgja umsókn.

Aðferðafræði og aðferð hefur verið gerð nokkur skil hér að ofan. Eins og fram hefur komið er ætlunin að notast við samtölugögn úr kjörskrá eftir kjördeildum til að meta áhrif kynningarefnis sem sent er út á nýja kjósendur.

Þátttakendur þurfa ekki að leggja í vinnu til að taka þátt í rannsókninni.

14. Úrvinnsla gagna. Tilgreinið hvers konar úrvinnslu (t.d. tölfraðileg) verður gerð. Þessum lið má skila á sérblaði eða vísa í ítarlegri rannsóknaráætlun sem þá skal fylgja umsókn.

Um er að ræða tölfraðilega úrvinnslu. Áhrif kynningarefnis eru metin með því að skoða fylgni á milli mismunandi útgáfu kynningarefnis og kjörsóknar. Mismunandi útgáfu kynningarefnis verða sendar á mismunandi kjördeildir og því er um samanburð á mismunandi kjördeildum að ræða.

15. Rannsóknartímabil. Tilgreinið hvenær áætlað er að rannsókn hefjist og hvenær henni ljúki.

Rannsókn hefst með útsendingu kynningarefnis þann 15. maí. Úrvinnsla gagna úr kjörskráum lýkur um það bil mánuði eftir kosningar. Úrvinnsla rannsakenda á samtölugögnum og greinaskif munu líklega taka um 6-12 mánuði.

16. Niðurstöður rannsókna. Gerið grein fyrir fyrirhugaðri nýtingu og/eða birtingu/kynningu á niðurstöðum rannsóknarinnar.

Stefnt er að birtingu á niðurstöðum rannsóknarinnar á fræðilegum vettvangi, bæði hérlendis og erlendis. Birting á niðurstöðum verður í formi ráðstefnukynninga og greina til birtingar í ritryndum fræðitimaritum.

Einnig er gert ráð fyrir að niðurstöðurnar nýtist beint við þróun áframhaldandi aðgerða til að virkja nýja kjósendur. Að lokum nýtast niðurstöður við að skipuleggja aðgerðir til að auka lýðræðisþátttöku annarra viðkvæmra hópa, en meðal þeirra kjósendahópa sem eru ólíklegir til að taka þátt í kosningum eru innflytjendur og aldraðir.

17. Flutningur gagna. Ef fyrirhugað er að flytja gögn rannsóknarinnar úr landi verður að tilgreina í hvaða tilgangi og formi það verði gert, svo og til hvaða stofnunar og lands gögnin verði flutt. Jafnframt ber að tilgreina hver á viðkomandi stofnun hafi umráðarétt yfir gögnunum og/eða beri ábyrgð á þeim.

Engin gögn verða flutt úr landi.

0

18. Varðveilsa gagna. Hvar verða rannsóknargögnin varðveitt Hagstofa varðveitir frumgögn í samræmi við reglur um varðveislu kjörskrárgagna. Rannsakendur varðveita samtölugögn sem þeim eru afhent frá Hagstofu.

19. Samnýting gagna. Tilgreinið hvort fyrirhugað sé að samkeyra upplýsingar rannsóknarinnar við aðrar skrár eða samnýta upplýsingar við aðrar rannsóknir. Ef svo er greinið þá frá heiti viðkomandi rannsóknar og ábyrgðarmanni. Engin slík samnýting eða samkeyrsla er fyrirhuguð.

0

20. Greiðslur vegna þátttöku. Tilgreinið hvort greitt verði fyrir þátttöku í rannsókninni og þá jafnframt hvers eðlis og hversu háar þær greiðslur verði. Ekkert verður greitt fyrir þátttöku í rannsókninni.

0

21. Hefur rannsóknin verið tilkynnt til Persónuverndar eða hefur verið fengið leyfi ef við á?

0

1

0

22. Fylgiskjöl með umsókn. Starfságríp/ritaskrá ábyrgðarmanns, svo og upplýsinga- og samþykkisblöð vegna þátttöku í rannsókninni skulu ávallt fylgja umsókn til vísindasiðanefndar.

1

1

0

0

0

0

0

0

0

23. Athugasemdir umsækjenda. Hér er hægt að koma á framfæri athugasemdum eða skýringum sem ekki komust fyrir annars staðar í umsókninni Þrátt fyrir að verkefnið henti ankanalega inn í ramma um Persónuvernd þar sem ekki verður unnið með persónugreinanleg gögn, þá verður engu að síður skilað inn tilkynningu til Persónuverndar síðar í vikunni.

24. Staðfesting umsóknar:

Vinsamlegast hakið í boxið að neðan til staðfestingar!

Verði einhverjar breytingar á rannsóknaráætluninni ber ábyrgðarmanni að tilkynna þær án tafar til vísindasiðanefndar.

1